



Lífsvirðing, félag um
dánaraðstoð
Sjávargata 29
225 Álftanes
lifsvirding@lifsvirding.is
www.lifsvirding

Alþingi

Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2019

Efni: Umsögn Lífsvirðingar um tillögu til þingsályktunar um dánaraðstoð, 149. löggjafarþing 2018-2019. Þingskjal nr. 138 – 138. mál.

Álit Lífsvirðingar:

Lífsvirðing, félag um dánaraðstoð, hvetur Alþingi eindregið til að samþykkja þingsályktunartillöguna.

RÖKSTUÐNINGUR:

Líklegt má telja að dánaraðstoð verði eitt af dagskrárefnum samfélagsumræðunnar næstu ára líkt og í nágrannalöndum. Víðtæk, málefnaleg og yfirveguð umræða almennings og fagfólks er mikilvæg og lykillinn að gagnkvæmum skilningi. Til að svo geti orðið er mikilvægt að greinargóðar upplýsingar liggi fyrir um skilyrði, lagaramma og reynsluna í þeim löndum þar sem dánaraðstoð er leyfð.

Lífsvirðing tekur einnig undir með flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar að mikilvægt er að kanna afstöðu heilbrigðisstarfsmanna (lækna og hjúkrunarfræðinga) til dánaraðstoðar. Síðasta rannsóknin er frá 2010 og umræðan í hinum vestræna heimi hefur þróast síðan þá. Miklar framfarir í læknavísindum hafa þær afleiðingar að hægt er að halda fólki lengur á lífi en áður. Tíðarandinn hefur einnig breyst og aukin áhersla er á sjálfræði einstaklingsins og þátttöku í ákvörðunum.

F.h. Lífsvirðingar, félags um dánaraðstoð

Ingrid Kuhlman

Ingrid Kuhlman
ingrid@lifsvirding.is